

Akureyrarbær
bt. Skipulagssvið
Ráðhúsi, Geislagötu 9
600 Akureyri

19.10.2020
2020-10-61/0.11.2

Efni: Umsögn Landsnets um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna nýs stígaskipulags

Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna stígaskipulags er auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins, með fresti til að koma á framfæri athugasemdum til 6. nóvember 2020.

Breytingin felur í sér nýtt heildarskipulag fyrir stígakerfið innanbæjar. Í tillögunni er stígakerfið flokkað í stofnstíga, tengistíga, útivistarstíga, reiðstíga og almenna stíga.

Landsnet bendir á að háspennulínur Landsnets liggja frá tengivirkinu á Rangárvöllum. Rangárvallalína 1 og Dalvíkurlína 1 liggja til norðurs og Kröflulína 1 og Laxárlína 1 liggja til suðurs frá tengivirkinu. Einnig liggur Rangárvallalína 2 í jarðstreng að Krossanesi. Hluti stígakerfis Akureyrarbæjar, einkum útivistarstígar og reiðstígar, eru innan helgunarsvæða línanna.

Í undirbúningi er lagning Hólasandslínu 3 sem mun liggja í jarðstreng samhliða núverandi loftlínum til suðurs frá tengivirkinu og austur yfir Eyjafjarðará sunnan flugvallar. Gert ráð fyrir að framkvæmdum við hana ljúki í lok árs 2021. Þá verður línan spennuett og henni komið í rekstur. Þegar Hólasandslína 3 er komin í eðlilegan rekstur verður ráðist í undirbúning fyrir niðurrif Laxárlínu 1. Mikilvægt er að uppbygging stígakerfisins taki mið af legu strengsins og að aðgengi til framkvæmda verði tryggt. Einnig er mikilvægt að uppbygging í nálægð við Laxárlínu 1 taki mið af því að hægt verði að ráðast í niðurrif línunnar án vandkvæða.

Landsnet leggur áherslu á að stefna um landnotkun taki mið af legu háspennulína. Áhrifsvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Áhrifsvæði jarðstrengja vegna landnotkunar miðast við öryggissvæði en ekki er um formleg helgunarsvæði að ræða. Öryggissvæðið tekur mið af skurðbreidd strengs. Raskbelti vegna lagningar jarðstrengja er háð spennustigi og aðstæðum á hverjum stað.

Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningarbæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð* sem er að finna á heimasíðu Landsnets.¹

Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir.

Landsnet gerir kröfu um að fá áhættugreiningu verksins til umsagnar áður en verkið verður unnið. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst undir línunni.

Virðingarfyllt

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri Stjórnunarsviðs

¹ <https://www.landsnet.is/library/Skiol/FramkvAemdir/H%C3%A1spennul%C3%ADnur-A%C3%B0g%C3%A1t-skal-h%C3%B6f%C3%B0.pdf>

Undirritunarsíða

Einar Snorri Einarsson

From: [Kristinn Jakob Reimarsson](#)
To: [Margrét Mazmanian Róbertsdóttir](#)
Subject: Frístundaráð - 83 - bókun v/ stígakerfis
Date: fimmtudagur, 15. október 2020 13:16:48
Attachments: [image001.png](#)

Sæl Margrét.

Hér kemur bókun frístundaráðs v/ stígakerfis.

2018020129 - Stígakerfi Akureyrar - aðalskipulagsbreyting

Í auglýsingu er nú stígakerfi Akureyrar þar sem heildarskipulag stígakerfisins er endurskoðað. Óskað er eftir umsögnum fyrir 6. nóvember 2020.

Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála sat fundinn undir þessum lið.

Frístundaráð gerir ekki athugasemdir en fagnar því að fram sé komið heildarskipulag á stígakerfi bæjarins.

Með kveðju,

Kristinn J. Reimarsson
sviðsstjóri

Samfélagssvið
Geislagötu 9 600 Akureyri
Beinn sími / Direct: (354) 460 1236
Farsími / Mobile: (354) 779 5910

kristinnj@akureyri.is
<https://www.akureyri.is/>



Akureyrarbær
Samfélagssvið

[Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer](#)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Pétur Ingi Haraldsson
Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

12. október 2020
MÍ202009-0096/ 6.08 / S.G.

Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.

Með tölvupósti sendum 25. september 2020 óskaði Margrét M. Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá skipulagssviði Akureyrarbæjar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Akureyrarbæjar, skipulagsuppdrátturinn er dags. 7. ágúst 2020. Breytingin er gerð vegna þess að verið er að setja fram heildstæða stefnu um uppbyggingu stígakerfis Akureyrarbæjar og á breytingin einnig við eyjarnar Grímsey og Hrísey.

Minjastofnun var beðin að gera athugasemdir við drög að breytingunni og sendi minjavörður umsögn sína þann 19. maí 2020. Hér með ítrektar Minjastofnun þær athugasemdir sem settar voru fram í fyrri umsögn stofnunarinnar. Sú fornleifaskráning sem hefur farið fram heildstætt innan Akureyrarbæjar uppfyllir ekki staðla um skráningu menningarminja. Þar sem gefa þarf út framkvæmdaleyfi vegna stígagerðar þarf að fara fram fornleifaskráning samkvæmt 16. gr laga um um menningarminjar nr. 80/2012 en þar stendur: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma. Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. ... Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar.“

Í umsögn stofnunarinnar frá 19 maí sl. var tekið fram að samkvæmt aðalskipulagsbreytingunni er sýnd reiðleið mjög nálægt meintum

Dómhringum¹ sem eru einu friðlýstu fornleifarnar í landi Akureyrarbæjar. Minjastofnun ítrekar fyrri athugasemd sína varðandi þessa tillögu en samkvæmt 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er 100 metra helgunarsvæði frá ystu mörkum friðlýstra fornminja og færi því betur ef reiðleiðinni yrði færð. Ef þess er ekki kostur þarf að vinna hönnun hennar í samvinnu við Minjastofnun.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun

¹ Fornleifaskrá. *Skrá um friðlýstar fornleifar*, Ágúst Ó Georgsson tók saman, Reykjavík 1990, s. 14, sbr. J.Ó. Sæmundsson: "Dómhringar í landi Lögmannshíðar" *Sútur. Norðlenskt tímarit* XI. árg. 1981, s 16-20

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

From: Hörgársveit
To: Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Subject: RE: Stígakerfi Akureyrar - beiðni um umsögn
Date: þriðjudagur, 3. nóvember 2020 14:30:41
Attachments: [image003.png](#)

Góðan dag

Erindi þitt hefur verið tekið fyrir hjá skipulags- og umhverfisnefnd og sveitarstjórn Hörgársveitar þar sem bókað var á fundi sveitarstjórnar þann 29.10.2020 undir lið 1-d:

d) Í lið 6, Akureyrarbær stígakerfi umsögn

Skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að ekki sé gert ráð fyrir tengingu við gönguleið meðfram Hlíðarvegi (vegnr. 818) auk þess sem ekki sé gert ráð fyrir tengingu við reiðleið og gönguleið meðfram ströndinni við Brávelli í auglýstri skipulagstillögu. Sveitarstjórn samþykkti að ábendingu þess efnis að huga skuli að samræmi við samgöngukerfi við sveitarfélagsmörk verði komið til skipulagsyfirvalda Akureyrarbæjar.

*Með kveðju,
Snorri Finnlaugsson
Sveitarstjóri*



HÖRGÁRSVEIT

S: 460-1752 / 860-5474

From: Margrét Mazmanian Róbertsdóttir [mailto:margretr@akureyri.is]
Sent: föstudagur, 25. september 2020 12:02
Subject: RE: Stígakerfi Akureyrar - beiðni um umsögn

Í auglýsingu er nú stígakerfi Akureyrar þar sem heildarskipulag stígakerfisins er endurskoðað. Hægt er að skoða uppdrátt og greinargerð í meðfylgjandi auglýsingu:
<https://www.akureyri.is/is/frettir/tillaga-ad-breytingu-a-adalskipulagi-akureyrar-2018-2030-stigakerfi-akureyrar>

Óskað er eftir umsögnum fyrir 6. nóvember 2020.

Með kveðju,

Margrét M. Róbertsdóttir
Verkefnastjóri skipulagsmála

Skipulagssvið

Geislagata 9, 600, Akureyri
Beinn sími / Direct: (354) 460 1144

margretr@akureyri.is

<https://www.akureyri.is/>



Akureyrarbær
Skipulagssvið

[Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer](#)



Skipulagssvið Akureyrarbæjar

Geislagötu 9
600 Akureyri

Stígakerfi Akureyrar, breyting á Aðalskipulagi, umsögn

Yðar tilvísun:

Vegagerðin hefur farið yfir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, stígaskipulag skv. tölvupósti dags. 25.9.2020.

Stígarnir sem fjallað er um eru að miklu leiti utan veghelgunarsvæðis þjóðvega en Vegagerðin telur rétt að koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Athugasemdirnar snúa að umferðaröryggi og byggja á leiðbeiningum um Hönnunarleiðbeiningum um hjólreiðar, gerðar af sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðinni 2019.

- Varðandi tvístefnuhjólástíga: Hjólástígakerfi sem samanstendur af tvístefnuhjólástígum er vissulega góð lausn þar sem aðstæður leyfa. Hins vegar eru tvístefnuhjólástígar ekki æskilegir við inn- og útkeyrslur og vanda þarf vel útfærslu þeirra yfir götur, leiða þarf tvístefnustíga yfir götur með ljósastýringu, eða setja þá í undirgöng eða taka yfir götu með brú. Umferðaröryggi er einn af mikilvægustu þáttunum í vali á innviðum og skoða ætti viðeigandi lausn á hverjum stað fyrir sig.

Framsetning á gerðum A-C er mjög vel gerð en gott væri að bæta við gerð D sem sýnir einstefnuhjólástíga beggja vegna götu.

Mínum aftur á neðangreint öryggisatriði sem bent var á í fyrri umsögn:

Flest hjólreiðaslys verða þar sem að straumar akandi og hjólandi skerast.

Rannsóknir hafa sýnt að sérstaklega varhugavert er að draga tvístefnustíg yfir tengingu/gatnamót. Svo dæmi sé tekið þá hafa orðið mörg slys við aðstæður þar sem að ökumaður sem ekur þverveg að aðalvegi og ætlar til hægri, er með hugann við umferð sem kemur úr vinstri og gætir ekki að umferð sem kemur frá hægri. Í Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar er því ekki mælt með að draga tvístefnustíg yfir gatnamót nema þeim sé stýrt með ljósum og sérstök ljós höfð fyrir hjólandi vegfarendur. Þar sem að gatnamót/tengingar eru er alltaf öruggast að hjóla í sömu stefnu og umferð götunnar, þannig verða hjólreiðamenn meira sýnilegir, en slysin verða yfirleitt með þeim hætti að ökumaður bifreiðar sá ekki hjólandi vegfarandann í tæka tíð. Ökumenn hægja oft á sér til að aka inn á aðalveg og stöðva jafnvel og bíða eftir tækifæri til þess að taka beygjuna. Til eru dæmi um að hjólandi vegfarendur telji við þessar aðstæður að ökumaðurinn hafi séð sig, og hjóla því yfir þverveginn. Aftur á móti var ökumaður bifreiðar með hugann við umferð sem fór eftir götunni, ekki stígnum. Þetta vandamál er til staðar á Íslandi, og er einnig vel þekkt erlendis. Hér að neðan er kökurit sem sýnir að töluvert algengara er að slys verði þegar hjólað er á móti akstursstefnu götu heldur en þegar hjólað er í sömu átt og umferð. Heimild: Katrín Halldórsdóttir, 2018. *Nákvæm greining árekstra á milli reiðhjóls og bifreiðar við gatnamót.*



Mynd 9: Greining á átt hjólandi vegfaranda út frá akstursstefnu götunnar, þegar áreksur varð á milli reiðhjól og bifreiðar við gatnamót eða inn- og útkeyrslu á árunum 2015 og 2016.

Síða 2/4

- Í skjalinu á bls. 9 er talað um að hjólastígar á Oddeyri skuli vera að lágmarki 2,4 m breiðir að meðtöldu öryggissvæði. Mælt er með því að hafa stígana 2,5 m breiða samkvæmt Hönnunarleiðbeiningum um hjólréiðar.
- Á bls. 24 er talað um að þegar yfirborð stíganna sé þakið snjó þannig að merkingar sjáist ekki muni gilda almenn hægri umferð og gagnkvæm tillitssemi. Vegagerðin bendir á að á stígum ættu einnig að vera skilti sem ávallt skulu gilda.
- Á bls. 26, mynd 31.15 er sýnt snið af aðgreindum stofnstíg af B gerð. Þar er göngustígur sagður mega vera a.m.k. 1,8 m breiður en skv. Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólréiðar skulu göngustígar vera a.m.k. 2,0 m breiðir. Sama atriði kemur fyrir á fleiri stöðum í skjalinu. Á myndinni stendur einnig að hjólastígar skuli vera með tvístefnu en Vegagerðin mælir gegn því að sú útfærsla verði sett sem skilyrði.

Vegagerðin



Mynd 31.15 Sníð af uppbyggingu á aðgreindum stofnstíg af B gerð.

Síða 3/4

- Á bls. 22 og 26 er lagt til að stofnstígar, af gerð B (aðgreind göngu- og hjólaleið), séu aðgreindir með málaðri línu með vegrifflum. Vegagerðin gerir athugasemd við að setja vegriffur á stíga. Í rifflurnar getur safnast vatn, snjór og hálka. 10 cm breið lína er talin nægjanleg aðgreining á milli hjólandi og gangandi.
- Á bls. 28 er fjallað um gróður á milli göngu- og hjólastíga, og einnig á milli götu og hjólastígs. Vegagerðin vill benda á að huga þarf að hvað er leyfilegt að hafa innan öryggissvæðis vegarins og einnig vara við að hafa sver tré við hjólastíg þar sem hættulegt getur verið að hjóla af stígnum og lenda á trjástofni.
- Á bls. 29 stendur að girðingar við stíga eigi að vera 0,5-1 m ofar yfirborði stígs og eins langt frá honum og hægt er að koma við. Í Hönnunarleiðbeiningum um hjólreiðar segir að girðingar eigi að vera að lágmarki 1,1 m á hæð miðað við yfirborð stígs og eins langt frá honum og hægt er, að lágmarki 0,5 m. Of lágir girðingar skapa hættu fyrir hjólandi vegfarendur og því leggur Vegagerðin til að farið verði eftir Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar.
- Á bls. 52 er talað um hámarkshraða á hjólastígum. Vegagerðin bendir á kafla 7.1 í Hönnunarleiðbeiningum fyrir hjólreiðar sem fjallar um hönnunarhraða. Erfitt er að framfylgja ákveðnum hámarkshraða á hjólastígum.
- Vegagerðin telur að umfjöllun á bls. 54 um tvístefnustíga þurfi að vera hlutlausari, þar sem kostir einstefnustíga ættu einnig að vera dregnir fram. Gott er að fjalla um kosti og galla ólíkra lausna, en ekki bara einblína á kosti einnar lausnar.

Vegagerðin gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Vegagerðin

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Magnús Björnsson

Undirskrift

Akureyrarbær - skipulagssvið

Geislagötu 9, 3. hæð

600 Akureyri

skipulagssvid@akureyri.is

6. nóvember 2020

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar – stígakerfi Akureyrar

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma fram með umsögn um ofangreinda tillögu.

Norðurorka á fjölda lagna víðsvegar um Akureyri og ekki er hægt að svara með einu svari fyrir allt göngustígakerfið.

- 1) Hita- og vatnsveita. Hitaveitulagnir eru á flestum stöðum undir núverandi gangstígum eða nálægt þeim og vatnsveitulagnir undir akbrautum en liggja þó einnig undir gangstíga á mörgum stígum.
Ógerningur er að telja upp alla þessa staði og því óskar Norðurorka eftir góðu samstarfi þegar farið verður í nánari útfærslur á nýju stígakerfi.
- 2) Sambærilegar ábendingar eiga við í fráveitu, þ.e. skoða þarf hvert tilfelli fyrir sig þegar nær dregur. Ef færa þarf til götur vegna stígagerðar þarf mögulega að færa niðurföll í þeim og þarf að skoða það sérstaklega auk þess sem skoða þarf hvort veita þurfi leysingarvatni frá stígum.
- 3) Dreifikerfi rafveitu er að stærstum hluta lagt í gangstéttar og aðrar gönguleiðir. Það er því jákvætt að bærinn skuli sjá fyrir sér að hafa þau svæði breiðari og með öryggissvæðum sem eru með grasi. Það gefur Norðurorku möguleikann á að hafa lagnaleiðir sem eru ódýrari en undir malbikinu.
Á einhverjum skýringarmyndum eru tré meðfram göngustígum sem gera lagnaleiðir óaðgengilegri utan malbikaða stígsins. Mögulega þyrfti að skilgreina lagnaleiðir í þversniðunum. Sum staðar eru engir strengir, en annarsstaðar margir og mismunandi. Hver framkvæmd kallar á gott samstarf.

Norðurorka veitir frekari upplýsingar ef eftir því er óskað. Einnig er rétt að minna á kortasjá okkar sem er öllum opin á netinu þar sem hægt er að skoða nánar legu veitulagna á svæðinu.

www.map.is/no

Bestu kveðjur,

Gunnur Ýr Stefánsdóttir

Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra

Athugasemdir við nýtt stígakerfi á Akureyri

Sendandi:

Hjólreiðafélag Akureyrar

Íþróttahöllinni v/Skólastíg 4, 600 Akureyri

Kt. 560712-0300

Hjólreiðafélag Akureyrar (hér eftir HFA) fagnar því að verið sé að vinna að betrubótum í stígakerfi fyrir hjólandi vegfarendur, sem og aðra sem ferðast ekki með bíl. Þetta er mikilvægt skref í því að skapa heildstæða mynd fyrir samgöngur á Akureyri og verður veigamikill þáttur í að vinna að framgangi hjólreiða sem samgöngumáta og íþróttagreinar. Uppfærð greinargerð um stígakerfi Akureyrarbæjar hefur verið birt á vef Akureyrarbæjar og auglýst eftir athugasemdum. Sömuleiðis voru birt svör við athugasemdum sem óskað var eftir í vor, vegna forkynningar á skipulaginu.

HFA óskaði eftir því að haldinn yrði kynningarfundur á skipulaginu, en þess í stað kom Pétur Ingi Haraldsson, sviðsstjóri skipulagssvið Akureyrarbæjar, á félagsfund HFA í október og kynnti drögin að skipulaginu. Honum eru færðar þakkir fyrir gott erindi og góð svör við þeim spurningum sem bárust.

Stjórn HFA vill samt sem áður senda inn athugasemdirnar að nýju, að miklu leyti óbreyttar frá því í vor. Það er mikilvægt að hlustað verði á óskir félagsmanna HFA og að skipulagið verði unnið í góðri samvinnu við þá sem stunda hjólreiðar alla daga, allt árið.

HFA óskar eftir því að Akureyrarbær sé leiðandi í samstarfi við nágrannasveitarfélög um að leggja áherslu á mikilvægi hjólreiðastíga og þá helst tegund C. Það hefur sýnt sig að þrátt fyrir að umferð sé aðgreind með línu og merkingum á stígum skilar það ekki alltaf tilætluðum árangri. Mun betur gengur að halda umferð aðgreindri séu stígarnir aðskildir að fullu heldur en með merkingum og eykur það bæði öryggi og ánægju notenda. Í svari Akureyrarbæjar við þessari athugasemd er tekið undir mikilvægi þessa samstarfs og þar kemur fram að gert sé ráð fyrir miklu samstarfi. Það er vel.

Mikilvægt er þegar ekki er komist hjá því að nota stíg af tegund A-B að þar séu góðar, langar sjónlínur og að ekki sé gróður eða annað sem byrgi fólki sýn, þetta er sérstaklega mikilvægt í beygjum og kringum gatnamót.

Á stígum meðfram þjóðvegum og á lengri leiðum mætti nota blöndu af B-C stígum og þegar fjær dregur byggðarkjörnum má áætla að umferð minnki mættu stígar breytast í gerð A og B, enda gefur auga leið að þeir eru hagkvæmari í byggingu og rekstri.

Hjólreiðar hafa verið í miklum vexti síðustu ár bæði sem samgöngutæki og vaxandi íþrótt. Um þessar mundir er að eiga sér stað önnur bylgja í vexti hjólreiða þar sem rafknúnum reiðhjólum fjölgar mjög ört. HFA telur eðlilegt að þessi þróun sé endurspegluð í því að ásamt skilgreiningunum útivistarstígar og reiðleið séu fjallahjólaleiðir sérstaklega skilgreindar. Á þar til gerðum fjallahjólaleiðum hafi hjólandi vegfarendur forgang, en gangandi vegfarendur velkomnir þar sem gestir.

Í bls. 12 í greinargerðinni er sagt: “Áætlunin fjallar einnig um útivistar- og reiðstíga en þeir hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir náttúruupplifun og frístundir.”


Að mati HFA rökstyður þetta mál okkar um að skilgreina fjallahjólaleiðir sérstaklega, því að þær stuðla svo sannarlega að því að fólk njóti náttúrunnar í frístundum.

Á bls. 11 segir: “Umferðarlög miða að því að skapa þannig leikreglur að vegfarendur komist öruggan hátt frá einum stað til annars í umferðinni án tillits til samgöngumáta og lögð sé áhersla á að jafnræðis sé gætt milli þátttakenda í umferðinni.”

HFA þykir mikilvægt að koma því á framfæri að hjólréiðafólk eigi kost á því að ferðast um á eðlilegum hraða reiðhjólis án þess að þeim stafi hætta af annarri umferð eða af þeim standi ógn við gangandi vegfarendur.

Eigi samgönguhjólréiðar að vera raunhæfur kostur til móts við einkabíl er mikilvægt að leiðir séu greiðfærar og hægt sé að halda uppi raunhæfum meðalhraða. Því þarf að leggja höfuðáherslu á að snjómokstur á stofnstígum og helstu tengistígum sé skilvirkur og að honum sé lokið áður en mesta umferðin hefst á morgnana. Það mun augljóslega ýta enn frekar undir notkun þeirra yfir vetrarmánuðina.

Stjórn Hjólréiðafélags Akureyrar
6. Nóvember 2020



Nýtt stígaskipulag Akureyrarbæjar.

Athugasemdir Hestamannafélagsins Léttis.

Skipulagsráð Akureyrar.

Meðfylgjandi er yfirlitskort sem sýnir staðsetningu athugasemda.

Númer 1. Reiðvegur sem er í skipulagstillögunni austan mótssvæðis Hestamannafélagsins Léttis á Hlíðarholti verði skilgreindur sem stofnleið. Óskum við eftir að hann komi strax á árinu 2021.

Númer 2. Vegur sem nú þegar er sunnan reiðhallarinnar verði settur inn á skipulagið sem reiðvegur.

Númer 3. Við leggjum til að þegar nýr reiðvegur verður lagður, sem fylgir legu Hólasandslínu 3 að nýrri útivistarbrú yfir Glerá norðan Breiðholtshverfis, verði gert ráð fyrir reiðfærum undirgöngum undir Súluveg.

Númer 4. Núverandi reiðvegur niður að reiðbrú yfir Glerá, gengt húsnæði Vegagerðarinnar, verði ekki tekinn af eins og tillagan gerir ráð fyrir. Heldur verði þessi leið áfram skilgreind sem blönduð leið enda tengist hún svokallaðri Miðhúsaklappaleið sem samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir sem nýjum reiðvegi undir brekkunum austan við Breiðholtshverfið. Með tilkomu Miðhúsaklappaleiðar er verið að færa reiðveg frá nálægð við golfvöllinn sem mun draga úr slyshættu. Einnig er gert ráð fyrir tengivegi niður á núverandi veg ofan golfvallar. (sjá númer 5.) Nauðsynlegt er að þessir vegir verði ein samfella áfram og verði lagðir sem allra fyrst svo færa megi hluta hestaumferðar af ört vaxandi umferð á vinsælli gönguleið ofan golfvallarins.

Númer 5. Leggjum áherslu á að reiðvegur sá er gert er ráð fyrir í tillögunni (Miðhúsaklappaleið) verði lagður sem allra fyrst og aðskilji þar með blandaða umferð sem mest og verði sá hluti skilgreindur sem reiðvegur en ekki blönduð leið.

Númer 6. Á kortinu er reiðleið sem hefur um langt skeið verið sumarreiðleið fyrir okkur hestamenn (sunnan úr Naustaborgum og norðvestur að Súluvegi ofan Breiðholtshverfis). Óskum við eftir að sú leið verði skilgreind sem reiðleið, en getum fallist á að hún verði skilgreind sem blönduð leið. Athuga þarf sérstaklega að leiðin liggir í skipulaginu alla leið frá Naustaborgum og norður á Súluveg eins og hún er og hefur legið um langt árabíll.

Númer 7. Við leggjum til að lega Hólasandsstrengsins marki í stórum dráttum leið sem skilgreind verði sem stofnreiðleið í gegnum bæjarlandið. Stofnleið er reiðleið þar sem hrossarekstrar eru leyfðir, en reiðvegir og blandaðar leiðir verði einungis fyrir útreiðar án lausra hrossa. Með tilkomu Hólasandsstrengsins gefst okkur gullið tækifæri til að færa hrossarekstra algjörlega frá allri annarri umferð hverju nafni sem hún nefnist. Við teljum það gríðarlegt framfaraspor náí það fram að ganga. Auk þess sem lega strengsins opnar á lausn til framtíðar fyrir hestaumferð í gegnum bæjarlandið sem er mjög vaxandi. Má þar nefna ört vaxandi hestatengda ferðapjónustu. Ferðapjónustan sem hefur velt miklum fjármunum fram á þennan dag hefur átt mjög erfitt uppdráttar hér á Akureyri og nágrenni vegna aðstöðuleysis, slæmrar skilgreiningar og legu stofnleiðarinnar gegn um bæjarlandið. Með tillögu okkar hestamanna, sem gerir ráð fyrir að stofnreiðleiðin verði lögð ofarlega um Naustaborgir, erum við að leggja til að færa þunga hestaumferðarinnar frá íbúðarbyggð sem og frá útivistarstígakerfi sem nú þegar er til. Einnig er með tillögu okkar verið að taka tillit til þeirra hugmynda um nýja kirkjugarða Akureyrar í nánustu framtíð í Naustaborgum. Við teljum að með flutningi á stofnreiðleiðinni ofar í skógarreitinn, nánar tiltekið uppfyrir skipulagstillögu nýju kirkjugarðanna, séum við með lausnarmiðaða tillögu um umferð hestamanna um þetta svæði. Við leggjum mikla áherslu á og teljum ófrávíkjanlega kröfu okkar hestamanna að

stofnreiðleiðin í gegnum bæinn, allt frá Mýrarlóni í norðri og að Brunná í suðri, verði einungis skilgreind sem reiðvegur fyrir hestaumferð og merkt sem stofnreiðleið. Með ört vaxandi útivist sem sannarlega ber að fagna er því miður allt of mikið um að umferð útivistarfólks á merktum reiðvegum hafi valdið slysum. Þess vegna er það samhljómur og þung umræða meðal hestamanna um allt land í viðræðum við sveitarstjórnir, sérstaklega þó í þéttbýli og á höfuðborgarsvæðinu að færa verði sundur umferð þessarar hópa.

Hestamennska er útivist sem snýst um samspil hests og manns þar sem taka verður tillit til þessa að hestar hræðast óvæntar uppákomur, hjól, skæra liti og kvikar hreyfingar. Við verðum að taka tillit til þessara þátta þegar um þessi mál er fjallað við skipulagningu leiða fyrir hestaumferð.

Númer 8. Núverandi reiðleið sem liggur meðfram golfvelli að sunnan og fer svo til suðurs vestan íbúðabyggðar í Naustahverfi hefur fram á þennan dag verið aðalreiðleið suður úr bænum og er skilgreind þannig í tillögu að stígaskipulaginu. Við óskum eftir að hún verði skilgreind sem blönduð leið þar sem hestamenn og aðrir taka tillit til hvors annars og sýna að það er pláss fyrir alla.

Númer 9. Með tilkomu nýrrar reiðleiðar ofan Breiðholtshverfisins þarf að setja tengingu úr hverfinu og inn á þennan nýja veg. Við leggjum til að þessar tengingar verði sunnan við Faxaborg og norðan við núverandi geymslu-/rúllustæði.

Við hestamenn horfum björtum augum til framtíðarinnar og teljum að pláss sé í bæjarlandinu okkar fyrir alla sem una útivist. Taka verði tillit til sérþarfa hvers og eins þar sem hægt er. Sú mikla vinna er lögð hefur verið í þetta stígaskipulag er aðdáunarverð og þakka ber það mikla samráð og samtal sem haft hefur verið við okkur hestamenn og okkar svið við vinnslu þess.

Akureyri og nágrenni hefur upp á svo ótrúlega möguleika að bjóða. Nálægðin við náttúruna í Naustaborgum og Kjarnaskógi eru verðmæti sem við

bæjarbúar getum og eigum að vera stolt af og nýta í sameiningu með kjörsetninguna í huga - Akureyri öll lífsins gæði -.

Sé eitthvað óljóst í athugasemdum þessum erum við undirritaðir albúnir að veita upplýsingar og skýra málin frekar, sé þess óskað.

Dagbjartur Halldórsson formaður Léttis. GSM 660.1075

Örn Viðar Birgisson formaður reiðveganefndar Léttis. GSM 844.1045.

Sigfús Ólafur Helgason framkvæmdastjóri Léttis GSM 896-1928.

Akureyri, 6. nóvember 2020.

Fyrir hönd hestamannafélagsins Léttis.

Dagbjartur Halldórsson formaður



